

Nautakjötsmál

Ekki þarf að hafa mörg orð um stöðuna á íslenskum kjötmarkaði árið 2003. Þar má segja að hlutirnir hafi í raun verið algerlega á haus líkt og allir þekkjja. Ársins verður án efa minnst fyrir algert ófremdarástand í þessu efni, a.m.k. út frá sjónarhóli framleiðenda. Offramleiðsla og offjárfestingar í sumum kjötgreinum hafa leitt til skelfilegra afleiðinga, verðfalls og gjaldþrota. Að stórum hluta vegna þessa ástands hefur verðlagning nautakjöts einnig verið undir framleiðslukostnaði.

Vegna fyrrgreinds ástands hefur stjórn FKS ekki talið þjóna miklum tilgangi að berast mikið á meðan ástandið var sem verst. Nú eru hins vegar teikn um að hlutirnir leiti til meira vits og vonandi jafnvægis. Verð á nauta- og kýrkjöti er byrjað að þokast upp á við til framleiðenda. Ekki er hér enn um stórar tölur að ræða en vonandi spor í rétta átt. Þegar þetta er ritað hefur sláturhúsið á Hellu boðið herra verð á helstu flokkum nauta og kýrkjöts. Einnig urðu nokkrar hækkanir á verðflokkum kýrkjöts hjá SS í desember. Vel gengur að losna við gripi og biðtímar því styst til muna.

Við hvetjum því framleiðendur til að kanna vel verðskrár og greiðslur fyrir nautgripi áður en þeir eru látnir til slátrunar. Engin ástæða er til annars við þessar aðstæður en að leita bestu kjara. Er að sjálf-sögðu sama hver það er sem býður betra verð fyrir vöruna.

Meðfylgjandi er texti ályktunar frá Félagi kúabænda á Suðurlandi sem send var sláturleyfishöfum á Suðurlandi í kjölfar umræðna á fundi félagsráðs þann 10. des. sl.

Ályktun til sláturleyfishafa á Suðurlandi

„Stjórn og félagsráð Félags kúabænda á Suðurlandi leggur á það ríka áherslu að þegar verði betri hlutar UN og K flokka nautgripakjöts hækkaðir svo um muni til bænda.

Óþarft er að fjölýrða frekar en orðið er um það ófremdarástand sem ríkt hefur á kjötmarkaði síðustu misseri, sem einkennst hefur af offramleiðslu og undirboðum í flestum tegundum og þá ekki síst á alifugla og svínakjöti. Framboð og sala nautgripakjöts hefur á þessum tíma aftur á móti verið í jafnvægi. Þrátt fyrir það hafa framleiðendur nautgripakjöts liðið fyrir ástand annarra kjötgreina, þar sem verð hafa nú um alllangt skeið verið talsvert undir framleiðslukostnaði. Nú er svo komið

að biðlistar gripa til slátrunar eru uppnir hér á Suðurlandi og litlir sem engir annarsstaðar á landinu. Þessu til viðbótar er greinileg söluaukning á nautakjöti síðustu þrjú mánuði. Fari svo sem horfir má reikna með að stór hluti nautakjöts á íslenskum markaði verði innflutt og má þá spyrja sig til hvers hafi verið barist í markaðsvinnu undangenginna ára.

Það er skoðun Félags kúabænda á Suðurlandi að ekkert annað tryggji metnaðarfullt framboð íslensks úrvals nautgripakjöts til neytenda en örugg afkoma þeirra sem framleiðsluna stunda. Til þess að svo verði er nauðsynlegt að hækka afurðaverðið strax þannig að það standi undir framleiðslukostnaði.”

Stjórn Félags kúabænda á Suðurlandi

Sigurður Loftsson

Valdimar Guðjónsson

Jóhann Nikulásson

Verðbreytingar á nautgripakjöti

Sláturleyfishafar á Suðurlandi hafa nýlega breytt verðskrá sinni fyrir nautgripakjöt og þá heldur til hækkanar þó í litlum mæli sé. Nánar má sjá helstu verð sem eru í gildi í dag á eftirfarandi töflu, miðað er við krónur á kíló fallþunga: (Sjá neðst á síðunni.)

Sláturhúsið Hellu greiðir fyrir afurðir 25. annars mánaðar eftir sláturmánuð en SS „staðgreiðir“ kýrnar sem þýðir í raun að þær eru borgaðar annan föstudag eftir innleggsviku en ungneyti greidd 25. dag í öðrum mánuði eftir innleggsmánuð.

Ef lítið er á verðþróun til framleiðenda á ungneytakjöti síðustu 10 ár og tekið mið af vísitölu neysliverðs eins og hún var í nóvember 2003 þá má segja að verðhrun hafi orðið í þessari grein eins og kúabændur þekkjja. Ef borið er saman verð eins og það var til framleiðenda á UN 1 árið 1994 og tekið tillit til breytinga á vísitölu neysliverðs þá þyrfti verð á UN 1A að vera um 440 kr./kg í stað 300 kr./kg eins og það er í dag, ef verðið hefði fylgt vísitölu neysliverðs.

Runólfur Sigursveinsson

Kýr flokkun	Sláturhúsið Hellu	SS Selfossi	Ungneyti flokkun	Sláturhúsið Hellu	SS Selfossi
K I U A og B	230	230	UN I Úrval A	310	307
K I U C	190	190	UN I Úrval B	300	292
K I A	220	216	UN IM	280	260
K I B	200	201	UN IA>230 kg	300	298
K I C	150	149	UN IB>230 kg	290	292
K II	175	173	UN IM+>230	260	257
K III	155	154	UN IM>230	250	243

Fundargerð félagsráðs Félags kúabænda á Suðurlandi 10. desember 2003

1. Fundarsetning

Formaður, Sigurður Loftsson, setti fundinn sem haldinn var í fundarsal MBF á Selfossi og hófst kl. 11.15

2. Aðalfundur FKS 2004

Sigurður ræddi fyrst væntanlegan aðalfund og fyrirkomulag hans. Fór yfir kosti og galla uppstillinganefndar ofl.

Gunnar Sverrisson taldi marga kosti að hafa uppstillingarnefnd. Velti hins vegar einnig upp þeim möguleika til umhugsunar að kjósa á fundinum.

Ólafur í Geirakoti sagði uppstillingu hafa gefist vel og kæmi í veg fyrir vandræðagang sem gæti verið kringum kosningar. T.d. ef fólk þekkti ekki til einstaklinga ofl. Ræddir kostir og gallar frá ýmsum hliðum.

Fundarmenn voru sammála um að halda því formi sem verið hefur. Einnig þá skipan frá síðasta ári þannig að einn nefndarmaður væri úr félagsráði og tveir utan þess. Stjórn falið að ganga frá skipan í uppstillinganefnd eftir þessum formerkjum. Einnig dagskrá aðalfundar, sem færi eftir gengi mjólkurhópsins.

Talið nauðsynlegt að sem flestir fulltrúar BÍ í samninganefnd fyrir mjólkursamning mæti á fundinn til að heyra hug og vilja bænda til nýs samnings.

3. Verðlagsmál mjólkur

Hækkun til bænda er nú ákveðin 2,4% 1. janúar 2004.

4. Nautakjöt

Söluhorfur eru þokkalegar, biðlistar að mestu horfnir. Sigurlaug sagði verð enn alltof lágt, þó aðeins hefði það þokast upp.

Ólafur í Geirakoti sagði nautgripakjöt greinilega algjóra mæðu hjá sláturleyfishöfum. Lítið væri lagt upp úr að selja þessa afurð, en t.d. áburðarauglýsingar flæddu um allt.

Varðandi sölu á nautakjöti þá taldi Sigurlaug áhyggjuefni að hvergi fáist orðið nautakjöt í kjötbörði á allri suðurströndinni og víðar um landið. Verið er að venja neytendur í stórum stíl af neyslu á vöðva og steik.

Sigurður taldi rétt að senda áskorun aftur til sláturleyfishafa um hækkun. Einnig að brýna bændur til að selja einungis gripi til þeirra sem bjóða hæsta verð.

Landbúnaðaráðherra hefur vísað frá beiðni um stuðning við framleiðslu gæðanautakjöts og telur það ekki njóta stuðnings í ríkisstjórn.

5. Mjólkursamningar

Egill á Berustöðum heimsótti fundinn og greindi frá stöðu mála hjá samninganefndinni.

6. Beiðni um kaup á frystu nautasæði

Dýralæknabjónusta Suðurlands hefur sent umsókn til Nautastöðvar BÍ um að fá keypt nautasæði. Erindi þetta kom fyrir stjórn BÍ en afgreiðslu málsins var frestað.

Sigurður sagði þetta félagspólitískt mál að sumu

leyti. Þjónustan hefði verið góð til þessa og tiltölulega ódýr.

Gunnar í Hrosshaga taldi rétt að fara varlega í röskun á núverandi kerfi.

Sveini í Reykjahlíð fannst þurfa að hugsa þetta til enda. Staðan gæti orðið sú ef útvíkkun yrði á þessari starfsemi að dýralæknar réðu algjörlega verðlagningu sjálfir. Þá væru bændur í alveg nýrri stöðu.

Jóhann taldi gegna öðru máli ef um verktöku væri að ræða. Það væri önnur leið sem einnig væri tíðkuð hérlandis. Hins vegar yrði án efa dýrara til framtíðar að hafa tvö kerfi í gangi.

Sigurlaug taldi rétt að fara varlega í breytingar á þessari þjónustu.

7. Lagabreytingar hjá Bssl

Farið yfir störf laganeftar og ræddar breytingar er lagðar voru fram á síðasta aðalfundi.

8. Önnur mál

Daniel í Akbraut taldi endingu íslenska kúakynsins of stutta. Hann taldi of mörg gallajúgur koma út úr ræktunarstarfinu. Komið inn á leiðir til fljótustu framfara.

Sigurður sagði fósturvíska ekki flýta erfðafráförum. Hins vegar fengjust fleiri einstaklingar af sama ætlið.

Ræddar leiðir frá ýmsum hliðum.

Daniel kom einnig inn á streptókokka. Kvaðst hafa skóhlífar og þesskonar varnir í sínu fjósi. Jafnvel þó ekki væri hætt á að fá smitjúgurbólgu þá væri annað jafnvel hættulegt.

Gunnar í Túnsbergi kvaðst hafa rekið augun í lélega flokkun nauta í síðustu slátrun af nautastöðinni. Hann taldi það slæmt og fundarmenn tóku undir það. Vangaveltur voru um fóðrun. Gunnar og fleiri töldu slaka fóðrun jafnvel geta haft áhrif á gæði sæðis.

Valdimar Guðjónsson fundarritari

Orðsending

Bændabókhald Búnaðarsambands Suðurlands minnir á að greiðsludagur virðisaukaskatts fyrir tímabilið júlí — desember er þann 1. mars n.k.

Þeir bændur sem eru í virðisaukauppgjöri hjá okkur eru vinsamlegast minntir á að skila inn öllum gögnum fyrir framangreint tímabil sem allra fyrst.

Þrátt fyrir að öll gögn vegna tímabilsins hafi ekki borist til bænda er það best fyrir okkur að fá þau gögn sem komin eru. Þegar afgangurinn af gögnunum hefur skilað sér verður þeim einfaldlega bætt við eldri gögnin áður en að uppgjörstegi virðisaukaskattsins kemur, þ.e. mánudaginn 1. mars.

Með ósk um gott gengi á nýju ári

Bændabókhald BSSL

Af vettvangi Félags kúabænda á Suðurlandi

Eins og fram kemur annarsstaðar í fréttabréfinu er áætlað að halda aðalfund FKS þann 27. janúar á Laugalandi í Holtum. Af því tilefni er rétt að rifja upp það helsta sem snýr að uppbyggingu og starfsemi félagsins.

Félag kúabænda á Suðurlandi var stofnað á Hvolsvelli þann 13. mars 1985. Félagssvæðið nær yfir Árnes-, Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu. Félagið er búgreinafélag með öllum þeim réttindum og skyldum sem því fylgja og þar með aðili að Landssambandi kúabænda, Búnaðarsambandi Suðurlands og Bændasamtökum Íslands. Tilgangur félagsins, er eins og segir í 2. gr. laga þess „að stuðla að framförum í nautgripærækt á félagssvæðinu og gæta hagsmuna kúabænda og sameina þá um málefni greinarinnar“.

Um uppbyggingu félagsins segir svo í 5. gr. „Í félaginu er 18 manna félagsráð og 6 menn til vara, sem kosnir eru á aðalfundi til tveggja ára. Kosningu er hagað þannig að árlega eru kosnir 9 aðalmenn og 3 varamenn. Í félagsráðið veljast menn sem aðalmenn frá hverri sýslu 2 til 4 fulltrúar. Komi fram tilnefning frá meirihluta félagsmanna í einhverri sýslu um 2 menn í félagsráð, verða þeir sjálfkjörnir. Heimilt er á aðalfundi að skipa uppstillingarnefnd vegna kosninga í þessar trúnaðarstöður og aðrar þær stöður sem félagsráð ákveður og gætt skal jöfnuðar milli sýslufélaga við skipan henar. Félagsráð kys sér að loknum aðalfundi þriggja manna framkvæmdastjórn, formann, ritara og gjaldkera“.

Félagið hefur víða látið til sín taka gegnum tíðina ýmist eitt sér eða innan vébanda þeirra samtaka sem það á aðild að. Eins hefur félagið leitast við að eiga gott samstarf við afurðastöðvar á svæðinu og þannig reynt að gæta hags-

muna félagsmanna á sem flestum sviðum. Í öllu starfi félagsins þjónar félagsráðið megin hlutverki. Þeir aðilar sem þar sitja á hverjum tíma eru í raun hinn virki kjarni félagsins og móta stefnu þess og áherslur. Það er því afar mikilvægt að það fólk sem þar starfar hafi bæði áhuga og sem mesta breidd í sjónarmiðum. Þegar litið er til stærðar svæðisins má þó öllum vera ljóst að það er ekki vandalaust að kjósa þennan hóp. Því hefur verið farin sú leið undan-gengin ár að skipa uppstillingarnefnd vegna kosninga í trúnaðarstöður hjá félaginu og virðist það hafa gefið þokkalega raun. Þó vissulega sé sú aðferð ekki gallalaus fremur en aðrar.

Framundan eru mörg verkefni innan nautgripærækarinnar og má þar ekki síst nefna gerð nýs mjólkursamnings og ýmis verkefni sem snúa að því að auka hagkvæmni og bæta afkomu bænda, auk þess sem knýjandi er orðið að koma nautakjötsframleiðslunni í arðvænlegt horf. Það er ætlun forsvarsmanna Félags kúabænda á Suðurlandi að vera hér eftir sem hingað til virkir þátttakendur í þeim málum sem brenna á stéttinni hverju sinni. Þar sem aðild að félaginu er frjáls ræðst afl félagsins hins vegar mjög af þátttöku bænda í félagsskapnum. Því viljum við hvetja alla kúabændur til að mæta á aðalfundinn og ekki síður þá sem enn standa utan félagsins. Eins minnum við á að hægt er að skoða allar fundargerðir, helstu ályktanir og bréfaskriftir frá félaginu á vef Búnaðarsambands Suðurlands og Landssambands kúabænda auk þess sem fundargerðir eru að jafnaði birtar hér í Fréttabréfinu.

Að lokum viljum við svo óska bændum svo og sunnlendingum öllum, gæfuríks árs.

Stjórn Félags kúabænda á Suðurlandi.

Landnýtingarþáttur gæðastýringar í sauðfjárrækt á Suðurlandi

Vorið 2003 hóf Landgræðsla ríkisins vinnu vegna landnýtingarþátta gæðastýringar í sauðfjárrækt. Vinna vegna heimalanda byggist upp á þeim gögnum sem bændur senda með sinni umsókn og gögnum frá Nyttjalandi, þar sem verið er að safna upplýsingum um landamerki og gróðurfar jarða. Mikil vinna er að fara í gegnum þessi gögn og meta hvort ástæða er til að skoða land frekar. Samkvæmt upplýsingum frá Nyttjalandi er gagnasöfnun um landamerki og gróðurfar jarða á Suðurlandi mislangt komin eftir sveitarfélögum. Þar sem þessi gögn verða tilbúin í vor mun starfsfólk Landgræðslunnar skoða jarðir þar sem þess er talin þörf og meta hvort heimilönd standast kröfur gæðastýringarinnar. Vanti gögn fyrir einhver svæði á komandi vori verður e.t.v. leitað annarra leiða til að meta land þeirra sem sótt hafa um þátttöku í gæðastýringu í sauðfjárrækt. Miðað við upplýsingar frá Framkvæmdanefnd búvörusamninga og landbúnaðarráðuneytinu mun þessi tölfræði ekki hafa áhrif á greiðslur álagsgreiðslna til þeirra sauðfjárbænda þar sem mat á landi hefur ekki farið fram.

Verið er að vinna að landbótaáætlunum fyrir nokkra afrétti á Suðurlandi í samvinnu við heimamenn. Þessi

vinna er mislangt á veg komin en ljóst að fyrir flesta afrétti á Suðurlandi þarf að vinna landbótaáætlun. Þetta er tímafrekt ferli og viðkvæm mál, sem snerta marga aðila. Landbótaáætlanir fela í sér tillögur að aðgerðum sem eiga að stuðla að sjálfbærri landnýtingu auk tímasettra áfanga. Sem dæmi um aðgerðir má nefna uppgræðslu á örfoka landi eða þar sem jarðveg-srof er mikið, að haldið sé heima eða fargað fé sem kemur fyrir á sandsvæðum eða auðnum og breytingar á upprekstrartíma.

Töluverð óvissa er varðandi fjármögnun á framkvæmd landbótaáætlana. Ekki var gert ráð fyrir neinum fjármunum varðandi þennan þátt þegar gæðastýringarverkefnið var sett á laggirnar og ljóst að bændur hafa ekki mikið aflögu til að fjármagna slíkt. Miðað við núverandi fjárlagatillögur fyrir árið 2004 fær Landgræðsla ríkisins ekki aukningu á fjárlögum sem gildandi landgræðsluáætlun 2003-2014 gerir þó ráð fyrir. Sú niðurstaða takmarkar enn frekar það fjármagn sem er til ráðstöfunar í ný landgræðsluverkefni.

**Björn H. Barkarson
Landgræðslunni**



FRÉTTABRÉF

BÚNAÐARSAMBANDS SUÐURLANDS

Janúar 2004 - 26. árgangur. - 1. tölublað

EFNI BRÉFSINS

Aðalfundur Félags kúabænda
Bls. 1

Grunnnámskeið dk Búbót
Bls. 1

Nautakjötsmál
Bls. 2

Fundargerð
félagsráðs Félags kúabænda
Bls. 3

Orðsending frá bændabókhalda
Bls. 3

Af vettvangi Félags kúabænda
Bls. 4

Landnýtingarþáttur gæðastýringar...
Bls. 4

Ritstjórn:
Jóhannes Hr. Símonarson,
Runólfur Sigursveinsson,
Guðmundur Jóhannesson.

Ábyrgðarmaður:
Sveinn Sigurmundsson
Sími 480 1800 - Fax 480 1818
Netfang: bssl@bssl.is
Vefslóð: <http://www.bssl.is>
ISSN 1605-7546
Prentun:
Prentsmiðja Suðurlands ehf.

Aðalfundur Félags kúabænda á Suðurlandi

Laugalandi Holtum 27. janúar kl. 12.30

Aðalfundur Félags kúabænda á Suðurlandi verður haldinn að Laugalandi í Holtum þriðjudaginn 27. janúar n.k. og hefst kl. 12.30.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi:

- Skýrsla stjórnar og reikningar.
- Möguleg áhrif alþjóðasamninga og innganga í Evrópusambandið á íslenska nautgripærækt. - Sigurgeir Þorgeirsson framkvæmdastjóri BÍ.
- Af vettvangi Landssambands kúabænda.
- Kosningar.
- Önnur mál.

Félagsráð hefur falið stjórn að skipa uppstillingarnefnd vegna kosninga í trúnaðarstöður hjá félaginu og hafa eftirtaldir verið fengnir til þess verks.

Grétar Einarsson Þórissholti
formaður.

Þórir Jónsson Selalæk.
Halla Guðmundsdóttir Ásum.

Nefndin mun starfa fram að aðalfundi og leggja þar fram tillögu sína veiti fundurinn til þess samþykki sitt.

**Stjórn Félags kúabænda á
Suðurlandi**

Kúaskoðun 2002og 2003

Niðurstöður og verðlaunaveiting

Föstudaginn 30. janúar 2004 verða niðurstöður kúaskoðunar 2002-2003 kynntar. Fundurinn verður í Þingborg og hefst kl. 13.00. Veittar verða viðurkenningar fyrir hæst dæmdu kýrnar ásamt myndasýningu. Vonumst til að sjá sem flesta.

**Nautgripæræktarráðunautar
BSSL**

Grunnnámskeið dkBúbót

Fimmtudaginn 29. janúar nk. verður haldið grunnnámskeið í notkun bókhaldsforritsins dkBúbót. Námskeiðið er samstarfsverkefni Bændasamtaka Íslands og Bændabókhalds BSSL og er hluti af átaksverkefninu „Upplýsingatækni í dreifbýli“. Námskeiðið verður haldið í félagsheimilinu Þingborg.

Lengd námskeiðsins er 6 klst. og verður farið yfir öll helstu kerfi dk-Búbót, þ.e. upphafságerðir, fjárhags-, viðskiptamanna-, lánadrottna- og launabókhald, söluskráningar, vsk.-uppgjör og fastafjármuni og eignir. Einnig verður farið yfir almenn grun-natriði bókhalds og meðhöndlun og skráningu fylgiskjala.

Leiðbeinendur verða Sigurður Eiríksson frá BÍ og Unnsteinn Eggertsson frá Bændabókhalda BSSL.

Þátttakendur þurfa ekki að hafa tölvu meðferðis þar sem námskeiðið er á fyrirlestraformi.

Kennslugögnum verður dreift á námskeiðinu, en þau er einnig að finna á vef Bændasamtaka Íslands, www.bondi.is undir „ráðgjafasvið“ — „búrekstur og hagfræði“ — „efni námskeiða“. Þátttakendur eru hvattir til að kynna sér gögnin fyrir námskeiðið. Byrjendur er jafnframt hvattir til að prófa forritið áður en námskeiðið er sótt.

Námskeið í notkun forritsins við framtalsgerð verður auglýst síðar.

Skráning er hjá Búnaðarmiðstöð Suðurlands í síma 480 1800 milli kl. 8.00 og 16.00 eða á netinu, bssl@bssl.is.